



1. Hvert er söguvið Svartholsins? Hvar gerist sagan? Á hvaða tíma gerist hún?
2. Í byrjun sögunnar kynnumst við Úlfhildi sem er send til ömmu sinnar með mat því sú gamla er slösuð. Þarna er höfundur að vísa í þekkt ævintýri. Hvaða ævintýri er um að ræða og eru fleiri tengingar við það í sögunni? Berið ævintýrin saman, hvað er líkt og hvað er ólíkt?
3. Af hverju verkjar Úlfhildi í höfuðið og er með blóðbragð í munni í upphafi sögunnar?
4. Gríslingarnir misstu allir húsið sitt. Hvernig stóð á því?
5. Úlfurinn og gríslingarnir virtust þekkja lyktina af heimsins bestu súkkulaðiköku. Hvernig er hægt að útskýra það?
6. Hvað hefðu gríslingarnir getað gert til að verjast úlfinum?
7. Höfundurinn vísar í annað þekkt ævintýri þegar hann segir frá samskiptum gríslinganna og úlfsins. Hlustið: <https://www.youtube.com/watch?v=6BKbsJKIcTc>
Berið saman örlög gríslinganna í Svartholinu og þremmenninganna í sögunni um grísina þrjá.
8. Hvað á Úlfhildur sameiginlegt með gríslingunum? Hvað lærði Úlfhildur af samskiptum sínum við úlfinn?
9. Funduð þið vísanir í fleiri ævintýri í sögunni? Nefnið dæmi.



Hvernig gæti bókkarkápa sögunnar *Svartholið* litið út?
Hvað er á forsíðu? En á baksíðu? Er eitthvað skrifað á kjölinn?



Sögupersónur:


Hverjar eru aðalpersónur? En aukapersónur? Kanntu vel við sögupersónurnar? Hvað finnst þér um þær?

Aðalpersónur:

Aukapersónur:

Boðskapur:

Kennir sagan þér eitthvað?
Er höfundur að senda þér skilaboð eða vill hann að þú dragir lærdóm af sögunni?



Hvað sérðu fyrir þér þegar þú lest? Teiknaðu í rammann. Öll skáletruðu orðin þurfa að birtast á teikningunni.

Furðu lostin mjakaði *Úlfhildur* sér nær. Bjarminn frá *eldinum* lýsti framan í kringluleitar skuggaverurnar. Þær voru með *framstætt trýni*, *stór eyru* og *lítil augu*.

Þetta voru *gríslingar*! Einn var með *röndótta þrjónahúfu* á höfðinu, annar með *hökutopp* og sá þriðji *doppótta þverslaufu* og það sem meira var ... þeir voru að tala saman.





smásaga



stuttmynd



leikrit



myndasaga



LEGO sviðsmynd



hljóðupptaka

1


Við hittum Úlfhildi fyrst þegar hún hringir dyrabjöllunni hjá ömmu sinni. En hvað gerðist áður en sagan hefst? Hvað gerðist í **Bónusferðinni? Skrifaðu/settu fram þína eigin útgáfu af atburðum.** Þessi orð þurfa að koma fram í frásögninni: Svell, Bónuspoki, farsími, einelti, Grímúlfur, Gunnhildur, Gottskálk.

2

„Passið ykkur!“ Æpti Úlfhildur á gríslingana til að vara þá við úlfinum. En þeir heyrðu ekki í henni og hlutu grimmileg örlög. En hvað ef Úlfhildur hefði náð að vara þá við? Hefði sagan endað öðruvísi? **Skrifaðu/settu fram nýja lýsingu á samskiptum úlfsins og gríslinganna á klettasyllunni.**

3

Í sögunni er oft talað um „heimsins bestu súkkulaðiköku.“ Hvernig skyldi hún bragðast? Hvaða innihaldsefni ætli séu í slíkri köku? **Búðu til uppskrift að súkkulaðikökunni. Þú þarft að tilgreina innihaldsefni og gefa leiðbeiningar um hvernig eigi að bera sig að við baksturinn.**



Fékk úlfurinn makleg málagjöld?

Já Nei

Settu hring utan um það orð sem lýsir þinni skoðun og færðu rök fyrir máli þínu.
Nefndu þrennt sem styður skoðun þína.

Rök:

Rök:

Rök:

Finndu bekkjarféлага sem hefur aðra skoðun en þú. Rökræðið!

